

24. júní 1994

1175

Nr. 371

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 24. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

24. júní 1994

Nr. 372

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld
í Egilsstaðahreppi nr. 469/1977.**

1. gr.

Í stað orðsins „Egilsstaðahreppi“ í heiti reglugerðarinnar og 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi: Egilsstaðabæ.

2. gr.

4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

4. mars 1994

Nr. 373

REGLUGERÐ

um tíðnisvið fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öruggri og hagkvæmri fjarskiptaþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins með því að samræma tíðnisvið sem eru notuð fyrir þráðlausar fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa hugtök eftirfarandi merkingu:

a) *Almenn Evrópufarsímaþjónusta (GSM)* merkir almenna, stafræna, fjarskiptaþjónustu með hólfskiptum þjónustusvæðum sem komið er á samkvæmt sameiginlegri tækniforskrift og notandi þjónustunnar í einu aðildarríki EES getur fengið aðgang að henni í sérhverju öðru ríki sem er aðili að hinni samevrópsku farsímaþjónustu.